Veðurstofa Íslands

Appelsínugular viðvaranir vegna veðurs á Íslandi: September 2024–ágúst 2025

Katrín Agla Tómasdóttir

Skýrsla
VÍ 2026-004

Bústaðavegi 7-9 | IS-105 Reykjavík | Iceland | Tel +354 522 6000 | vedur@vedur.is

Veðurstofa Íslands

Appelsínugular viðvaranir vegna veðurs á Íslandi: September 2024–ágúst 2025

Höfundar	Katrín Agla Tómasdóttir
Verkefnisstjóri	Kristín Hermannsdóttir
Yfirfarið af	Kristín Hermannsdóttir
Samþykkt af	Helga Ívarsdóttir deildarstjóri VoN

Veðurstofa Íslands / Icelandic Meteorological Office

Númer	VÍ 2026-004
ISSN	1670-8261
Dagsetning	Janúar 2026
Dreifing	Opin
Fjöldi síðna	74 bls
Upplag	Rafræn útgáfa
Verknúmer	5550-0-0001
DOI número	10.33112/HJTU2580

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 2
Myndaskrá 3
Töfluskrá 6
Ágrip 7
Abstract 8
1 Inngangur 9
2 Ársyfirlit viðvarana 12
2.1 September 12
2.2 Október 12
2.3 Nóvember 13
2.4 Desember 13
2.5 Janúar 13
2.6 Febrúar 13
2.7 Mars 14
2.8 Apríl 14
2.9 Maí 14
2.10 Júní 14
2.11 Júlí 14
2.12 Ágúst 15
3 Appelsínugul veður 2024-2025 16
3.1 Suðvestan stormur 5. september 2024 16
3.2 Talsverð snjókoma 10. september 2024 21
3.3 Suðvestan stormur 7. nóvember 2024 26
3.4 Norðvestan stormur og stórhríð 16. nóvember 2024 33
3.5 Sunnan stormur 8. desember 2024 37
3.6 Suðvestan stormur með dimmum éljum jólin 2024 42
3.7 Norðaustan hríð 19. janúar 2025 46
3.8 Suðaustan stormur og asahláka 31. janúar 2025 51
3.9 Vestan stórhríð 3. febrúar 2025 56
3.10 Vestan stormur og él 3. mars 2025 62
3.11 Norðan hríð 3. júní 2025 68
4 Samantekt 73

Myndaskrá

Mynd 1: Fjöldi útgefinna viðvarana yfir vetrartímann frá árinu 2017 til 2025. 9
Mynd 2: Fjöldi viðvarana gefnar út yfir sumartímann árin 2018 til 2025. 9
Mynd 3: Fjöldi viðvarana gefnar út flokkað eftir tegund viðvörunar. 10
Mynd 4: Áhrifafylki veðurs. 10
Mynd 5: Fjöldi útgefinna viðvarana eftir mánuðum 2024 til 2025. 12
Mynd 6: Yfirlitskort sem sýna staðsetningu lægðar þann 5. september 16
Mynd 7: Vindaspá UWC-IG og UWC-DINI frá 4. september 17
Mynd 8: Vindaspá UWC-IG og UWC-DINI frá 5. september. 18
Mynd 9: FX á hverri stöð milli kl. 13 og 14 þann 5. september 2024 19
Mynd 10: FX og FG á Vestfjörðum 5. september 2024. 20
Mynd 11: FX og FG á Ströndum og Norðurlandi vestra 5. september 2024 20
Mynd 12: Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu lægðar 9. og 10. september 22
Mynd 13: Úrkomu- og vindaspá UWC-IG kl 00 þann 10. september 2024 22
Mynd 14: Úrkomu- og vindaspá UWC-IG kl 00 þann 10. september 2024 23
Mynd 15: Spá um uppsafnaða úrkomu dagana 9. og 10. september. 23
Mynd 16: Uppsöfnuð úrkoma á Ströndum og Norðurlandi vestra 9.-10. september 24
Mynd 17: Uppsöfnuð úrkoma á Norðurlandi eystra 9.-10. september 25
Mynd 18: Uppsöfnuð úrkoma dagana 9. og 10. september 25
Mynd 19: FX á hverri stöð milli kl. 23 og 00 þann 9. september og milli kl. 08 og 09 þann 10. 26
Mynd 20: Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu lægðar 7. nóvember 2024 27
Mynd 21: Staða lægðar í EC spá frá kl. 00 5. nóv og 100 metra vindaspá 27
Mynd 22: Staða lægðar í EC spá frá kl 12 5. nóv og 100 metra vindaspá 27
Mynd 23: Vindaspá UWC-DINI 7. nóv frá kl. 06 og kl. 18 þann 5. nóv. 28
Mynd 24: Vindaspá UWC-IG-IS 7. nóv frá kl. 06 og kl. 18 þann 5. nóv 28
Mynd 25: Vindaspá UWC DINI 7, nóv frá kl. 06 þann 6. nóv 29
Mynd 26: Hita- og úrkomuspá UWC DINI 7. nóv frá kl. 06 þann 6. nóv 29
Mynd 27: FX á öllum stöðvum frá kl 18 til 19 og milli 21 og 22 þann 7. nóvember. 30
Mynd 28: FX og FG á Vestfjörðum 7. nóvember 2024. 31
Mynd 29: FX og FG á Stöndum og Norðurlandi vestra 7. nóvember 2024. 31
Mynd 30: FX og FG á Norðurlandi eystra 7. nóvember 2024 32
Mynd 31: Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu lægðar þann 15. nóvember 33
Mynd 32: Úrkomuspá og vindaspá UWC-IG þann 15. nóvember. 33

Mynd 33: Úrkomuspá og vindaspá UWC-IG þann 16. nóvember. 34
Mynd 34: FX á hverri stöð frá kl. 18 til kl. 19 og kl. 23 til kl. 00 þann 15. nóvember..... 34
Mynd 35: FX og FG á Suðausturlandi 15. nóvember 2024. 35
Mynd 36: FX og FG á Austfjörðum 15. nóvember 2024. 35
Mynd 37: FX og FG á Norðurlandi eystra 15. nóvember 2024. 36
Mynd 38: FX og FG á Austurlandi að Glettingi 15. nóvember 2024. 36
Mynd 39: Uppsöfnuð sólarhringsúrkoma 15.-16. nóvember 2024. 37
Mynd 40: Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu lægðar þann 8. desember 38
Mynd 41: Vindaspár UWC-IG þann 8. desember og 9. desember. 38
Mynd 42: Úrkomuspá UWC-IG þann 8. desember. 39
Mynd 43: FX á landinu milli kl. 14 og 15 og kl. 23 og 00 þann 8. desember..... 40
Mynd 44: FX og FG á Breiðafirði 8. desember 2024 40
Mynd 45: FX og FG á Vestfjörðum 8. desember 2024 41
Mynd 46: FX og FG á Ströndum og Norðurlandi vestra 8. desember 2024 41
Mynd 47: FX og FG á Norðurlandi eystra 8. desember 2024. 42
Mynd 48: Greiningarkort sem sýnir stöðu lægðar 24. og 25 desember. 43
Mynd 49: Vindaspá og úrkomuspá UWC-IG kl. 00 þann 25. desember. 43
Mynd 50: Vindaspá og úrkomuspá UWC-IG kl. 12 þann 25. desember. 44
Mynd 51: FX á hverri stöð milli kl. 23 og 00 þann 24. desember og kl. 11 til 12 þann 25. desember. 44
Mynd 52: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Suðurlandi 24. og 25. desember. 45
Mynd 53: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Faxaflóa 24. og 25. desember 45
Mynd 54: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Breiðafirði 24. og 25. desember 46
Mynd 55: Greiningarkort sem sýnir staðsetningu lægðar þann 19. janúar 2025. 47
Mynd 56: Vindaspá UWC-IG líkans þann 19. janúar og þann 20. janúar. 47
Mynd 57: Uppsöfnuð sólarhringsúrkoma UWC-IG þann 19. og 20. janúar 48
Mynd 58: FX á hverri stöð milli kl. 17 og 18 þann 19. janúar og kl. 11 og 12 þann 20. janúar 49
Mynd 59: Sólarhringsúrkoma frá hádegi 19. janúar til hádegis 20. janúar. 49
Mynd 60: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Austurlandi að Glettingi 19. og 20. janúar 50
Mynd 61: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Austfjörðum 19. og 20. janúar 50
Mynd 62: Greiningarkort sem sýnir stöðu lægða 31. janúar og 1. febrúar. 51
Mynd 63: Vindaspár UWC-IG 31. janúar og 1. febrúar. 52
Mynd 64: Úrkomuspár UWC-IG 31. janúar og 1. febrúar 52
Mynd 65: FX milli kl. 16 og 17 þann 31. janúar og kl. 07 og 08 þann 1. febrúar. 53

Mynd 66: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Breiðafirði 31. janúar og 1. febrúar. 54
Mynd 67: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Miðhálendi 31. janúar og 1. febrúar 54
Mynd 68: Uppsöfnuð úrkoma á Suðausturlandi 31. janúar og 1. febrúar 55
Mynd 69: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Vestfjörðum 31. janúar og 1. febrúar. 55
Mynd 70: Greiningarkort sem sýnir stöðu lægðar þann 3. febrúar 2025. 56
Mynd 71: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG kl. 12 þann 3. febrúar. 57
Mynd 72: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG kl. 19 þann 3. febrúar. 57
Mynd 73: FX á hverri stöð milli kl. 13 og 14 og kl. 18 og 19 þann 3. febrúar. 59
Mynd 74: FX og FG á Austfjörðum þann 3. febrúar 59
Mynd 75: FX og FG á Austurlandi að Glettingi þann 3. febrúar 60
Mynd 76: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Miðhálendi þann 3. febrúar. 60
Mynd 77: FX og FG á Norðurlandi eystra þann 3. febrúar 61
Mynd 78: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Ströndum og Norðurlandi vestra 3. febrúar.... 61
Mynd 79: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Vestfjörðum þann 3. febrúar. 62
Mynd 80: Greiningarkort sem sýnir stöðu lægðar að kvöldi 2. mars 2025. 63
Mynd 81: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG þann 2. mars. 63
Mynd 82: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG þann 3. mars. 64
Mynd 83: FX á hverri stöð milli kl. 23 og 00 þann 2. mars og milli kl. 02 og 03 þann 3. mars. 65
Mynd 84: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Faxaflóa 2. og 3. mars 65
Mynd 85: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Suðurlandi 2. og 3. mars. 66
Mynd 86: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Breiðafirði 2. og 3. mars 66
Mynd 87: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Ströndum og Norðurlandi vestra 2. og 3. mars. 67
Mynd 88: Greiningarkort sem sýnir stöðu lægðarþann 3. júní 2025. 68
Mynd 89: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG kl. 03 þann 3. júní 68
Mynd 90: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG kl. 06 þann 3. júní 69
Mynd 91: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Norðurlandi eystra 3. júní. 70
Mynd 92: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Austurlandi að Glettingi 3. júní. 70
Mynd 93: FX, FG og uppsöfnuð úrkoma á Austfjörðum 3. júní. 71
Mynd 94: FX og FG á Suðausturlandi 3. júní. 71

Töfluskrá

Tafla 1: Viðvaranir gefnar út í tengslum við vestan stórhríð 3. febrúar 2025. 57

Ágrip

Veturinn 2024 til 2025 var í meðallagi þegar kemur að fjölda veðurviðvarana. Gefnar voru út 56 appelsínugular viðvaranir í tengslum við ellefu aðskilin veður. Eitt þeirra veðra var sunnan ofsaveður sem gekk yfir landið í byrjun febrúar 2025, en þá voru einnig gefnar út nítján rauðar viðvaranir. Nánar verður fjallað um það veður í sérstakri skýrslu. Fleiri viðvaranir voru gefnar út en í meðalári sumarið 2025 og voru fjórar appelsínugular viðvaranir gefnar út í byrjun júní 2025.

Í þessari skýrslu verður greint frá helstu veðuratburðum og viðvörunum hvers mánaðar á tímabilinu september 2024 til ágústloka 2025. Þau veður sem leiddu til appelsínugulra viðvarana eru rýnd, veðurspár og mælingar bornar saman og áhrif veðranna metin.

Lykilorð: Viðvaranir, stormur, rok, hríð, rigning, úrkoma, annáll.

Abstract

The winter of 2024 to 2025 was comparable to recent winters in terms of the number of weather warnings issues. In total, 56 orange warnings were issued in relation to eleven distinct weather events. One of these was a southerly storm that impacted Iceland at the beginning of February 2025, during which nineteen red warnings were issued. A detailed analysis of that weather is presented in a special report. More warnings were issued then usual during the summer of 2025, including four orange warnings in early June 2025.

This report chronicles the major weather events and warnings for each month from September 2024 to August 2025. A more in-depth analysis is provided for the weather events that led to orange warnings, including a study of forecasts and observations, as well as an assessment of their impacts.

Key words: Warnings, severe gale, storm, snow storm, rain, precipitation, chronicle.

1 Inngangur

Veturinn 2024 til 2025 voru 326 viðvaranir gefnar út, sem er nokkurn veginn í meðallagi (Mynd 1). Þar af voru 252 gular, 56 appelsínugular og 19 rauðar, en aldrei hafa fleiri rauðar viðvaranir verið gefnar út. Þær tengdust allar sunnan ofsaveðri sem gekk yfir landið í byrjun febrúar 2025. Yfir sumarið 2025 voru 48 viðvaranir gefnar út, þar af fjórar appelsínugular (Mynd 2). Sá viðvaranafjöldi er meiri en í meðalári og voru appelsínugulu viðvaranirnar gefnar út vegna norðan hríðar í byrjun júní.

Mynd 1: Fjöldi útgefinna viðvarana yfir vetrartímann frá árinu 2017 til 2025.

Mynd 2: Fjöldi viðvarana gefnar út yfir sumartímann árin 2018 til 2025.

Á Íslandi eru viðvaranir gefnar út vegna vinds, hríðar, rigningar, snjókomu, asahláku og eldinga. Oftast var varað við vindi veturinn 2024 til 2025 og sumarið 2025 og þar á eftir við hríð, en sjaldnar var varað við asahláku, rigningu, snjókomu og eldingum (Mynd 3).

Mynd 3: Fjöldi viðvarana gefnar út frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025 flokkað eftir tegund viðvörunar.

Viðvörunarkerfi Veðurstofunnar byggir á alþjóðlega CAP staðlinum (Common Alerting Protocol). Kerfið nýtir áhrifafylki sem tekur til hliðsjónar ætluð áhrif veðurs á samfélagið og líkur á að spár gangi eftir, sjá Mynd 4. Við útgáfu viðvarana í CAP kerfinu er tekið tillit til aðstæðna hverju sinni, til að mynda er lægri þröskuldur á snjókomuviðvörun yfir sumartímann þegar flestir eru á sumardekkjum og vindaviðvörun um verslunarmannahelgi þegar margir gista í tjaldi.

Mynd 4: Áhrifafylki veðurs.

Viðvaranir eru gefnar út fyrir hvert spásvæði allt að 5 daga fram í tímann. Þær eru táknaðar með litum: gulum, appelsínugulum og rauðum, sem vísa til áhrifa og líkum veðursins.

- **Gul viðvörun** er gefin út vegna veðurs sem kemur reglulega og getur haft tímabundin áhrif á samgöngur og innviði. Hún er einnig notuð til að vara við áhrifaríku veðri 3 – 5 daga fram í tímann.

- **Appelsínugul viðvörun** er gefin út þegar líkur eru á veðri sem veldur miklum samfélagslegum áhrifum, svo sem takmörkun á samgöngum, tjóni og hættulegum aðstæðum.
- **Rauð viðvörun** er vegna veðurs sem er mjög víðtækt og hefur alvarleg áhrif á samfélagið, t.d. víðtækar samgöngutruflanir, mikið tjón og hættu fyrir menn og dýr. Útgáfa rauðra viðvarana er unnin í samráði við almannavarnir.

2 Ársyfirlit viðvarana

Í þessum kafla verður stuttlega farið yfir helstu veðuratburði og viðvaranir hvers mánaðar á tímabilinu september 2024 til ágústloka 2025. Mynd 5 sýnir sundurliðun viðvarana eftir mánuðum á því tímabili.

Mynd 5: Fjöldi útgefinna viðvarana eftir mánuðum 2024 til 2025.

2.1 September

Samtals voru 28 viðvaranir gefnar út í september 2024 sem er aðeins yfir meðaltali síðustu ára, 25.

Fyrstu vikuna í september voru fimmtán vindaviðvaranir gefnar út á norðanverðu landinu vegna sunnan og suðvestan hvassviðris eða storms auk rigningarviðvörunar á Suðausturlandi. Appelsínugul viðvörun vegna suðvestan storms á Vestfjörðum var í gildi þann 5. september.

Síðar snerist í norðlægar áttir, dagana 9. og 10. september var varað við snjókomu á norðan- og austanverðu landinu og vindi á Suðausturlandi. Átta viðvaranir voru gefnar út í tengslum við það veður, þar af þrjár appelsínugular.

Fjórar vindaviðvaranir voru gefnar út vegna norðaustan og austan hvassviðris um miðjan mánuðinn og einnig var varað við snjókomu á Suðurlandi.

2.2 Október

Einungis níu viðvaranir voru gefnar út í október 2024, en að jafnaði hefur verið gefin út 21 viðvörun í októbermánuði frá 2018.

Óvenju hægviðrasamt var í októbermánuði og úrkoma undir meðallagi víðast hvar. Varað var við norðaustan stormi á Suðausturlandi þann 4. október. Um miðjan mánuðinn var hríðarviðvörun á Vestfjörðum og varað við hvassviðri eða stormi á sunnanverðu landinu. Aftur var varað við hvassviðri þann 25. október, þá á vestanverðu landinu.

2.3 Nóvember

Viðvaranir í nóvember 2024 voru samtals 47, sem er aðeins meira en meðaltal síðustu ára 42.

Í fyrri hluta nóvembermánaðar voru hlýjar og fremur hvassar suðlægar áttir ríkjandi. Tíu viðvaranir voru gefnar út þann 7. nóvember vegna sunnan og suðvestan storms á norðanverðu landinu, þar af þrjár appelsínugular. Aftur var varað við suðvestan stormi norðan- og austanlands 11. til 12. nóvember.

Um miðjan mánuðinn snerist í norðlægar áttir og þá kólnaði hratt á landinu. Þá var úrkomusamt á Norður- og Austurlandi með töluverðum snjóþyngslum. Samtals voru nítján viðvaranir gefnar út í tengslum við norðvestan storm og stórhríð þann 16. nóvember, þar af fjórar appelsínugular. Aftur voru gefnar út hríðarviðvaranir norðan- og austanlands í lok mánaðarins.

2.4 Desember

Samtals voru 59 viðvaranir gefnar út í desember, sem er talsvert meiri fjöldi en venjulegt er í desember. Síðustu sjö ár hafa að meðaltali verið gefnar út 35 viðvaranir í desember.

Fyrstu vikuna í desember voru hríðar- og stormviðvaranir gefnar út víða um land. Þann 8. desember snerist í hlýja sunnanátt, þá voru viðvaranir gefnar út á öllu landinu vegna storms og asahláku, þar af tvær appelsínugular.

Hvasst og umhleypingasamt veður var á öllu landinu yfir jólahátíðina. Þá voru samtals 29 viðvaranir gefnar út vegna suðvestan hríðar og storms, þar af þrjár appelsínugular.

2.5 Janúar

Að jafnaði eru 68 viðvaranir gefnar út í janúar, en í janúar 2025 voru aðeins færri viðvaranir, eða 53 talsins.

Hvassar suðlægar áttir og miklar rigningar um miðjan janúar ollu miklum leysingum og flæddu ár og lækir víða yfir bakka sína. Þá voru asahláku- og vindaviðvaranir gefnar út víða. Eftir miðjan mánuðinn voru norðaustlægar áttir ríkjandi, með talsverðri snjókomu á austanverðu landinu. Dagana 18. til 20. janúar voru átján viðvaranir í gildi vegna norðaustan hríðar og storms, þar af tvær appelsínugular.

Í lok mánaðar voru átján viðvaranir gefnar út vegna suðaustan storms og hríðar og síðar asahláku, þar af voru þrjár appelsínugular.

2.6 Febrúar

Febrúar var einkar illviðrasamur, samtals voru 85 viðvaranir gefnar út sem er nokkuð yfir meðaltalinu 74.

Suðlægar áttir voru ríkjandi í febrúar og töluvert var um illviðri, einkum í upphafi mánaðar. Gefnar voru út 27 viðvaranir vegna vestan stórhríðar og storms í byrjun mánaðarins, þar af voru 8 appelsínugular. Verst var veðrið dagana 5. og 6. febrúar þegar sunnan óveður gekk

yfir landið, þá voru 19 rauðar viðvaranir gefnar út á nær öllum spásvæðum landsins. **Nánar er fjallað um það veður í skýrslu xxxx.**

Varað var við vindi og rigningu á norðvestanverðu landinu 9. til 10. febrúar og aftur voru viðvaranir gefnar út á því landsvæði í lok mánaðarins vegna suðaustan hvassviðris og hríðar.

2.7 Mars

Gefnar voru út 35 viðvaranir í mars 2025, sem er í meðallagi.

Í upphafi mánaðar voru viðvaranir gefnar út á öllu landinu vegna suðvestan hvassviðris og hríðar, þar af voru fjórar appelsínugular. Veðrinu þann 3. og 4. mars fylgdu sjávarflóð á suðvesturhorni landsins.

Varað var við norðaustanhríð á norðvestanverðu landinu 26. mars. Tíu viðvaranir voru gefnar út vegna austan- og síðar suðvestanhríðar og hvassviðris á öllu landinu í lok mánaðar. Þá varð mikið þrumuveður á sunnanverðu landinu.

2.8 Apríl

Tíð var góð í apríl, yfirleitt var hægviðrasamt og tiltölulega þurrt. Einungis sjö viðvaranir voru gefnar út í mánuðinum, þær voru allar vegna norðan hvassviðris og snjókomu á norðan- og austanverðu landinu dagana 13. og 14. apríl. Að jafnaði hafa verið gefnar út 14 viðvaranir í apríl.

2.9 Maí

Maí var einnig rólegur með tilliti til veðurs. Fjórar viðvaranir voru gefnar út í mánuðinum, þær voru í tengslum við suðvestan hríð á vestanverðu landinu þann 9. maí, en að meðaltali eru 14 viðvaranir gefnar út í maímánuði.

2.10 Júní

Í júní 2025 voru 25 viðvaranir gefnar út, sem er talsvert umfram fjölda viðvarana í meðalári þegar ellefu viðvaranir eru gefnar út.

Í byrjun júnímánaðar voru 15 viðvaranir gefnar út vegna hríðar, snjókomu og norðan hvassviðris á öllu landinu, þar af fjórar appelsínugular. Í kjölfar þessa veðurs hlýnaði ört dagana 3. til 5. júní og gefnar voru út rigningarviðvaranir, en áfram var varað við norðan hvassviðri á norðan og austanverðu landinu. Einnig var varað við austan allhvössum eða hvössum vind á sunnanverðu landinu þann 21. júní.

2.11 Júlí

Júlí var hægviðrasamur og lítið um hvassviðri. Fjórar viðvaranir voru gefnar út vegna suðaustan vindstrengja á Faxaflóa og Breiðafirði, annars vegar 7. júlí og hins vegar 28. júlí. Að jafnaði eru 12 viðvaranir gefnar út í júlí.

2.12 Ágúst

Heldur fleiri viðvaranir voru gefnar út í ágúst en venjulegt er, nítján viðvaranir miðað við meðaltalið fjórtán.

Talsvert hvassviðri var á sunnan- og vestanverðu landinu um verslunarmannahelgina 2025, þá voru viðvaranir vegna vinds og eldinga gefnar út. Ekki mældust mikið af eldingum þá, en um miðjan mánuðinn gerði mikið eldingaveður á vestanverðu landinu. Þá voru eldingaviðvaranir gefnar samstundis út, en áður hafði verið varað við suðvestan hvassviðri. Í lok mánaðar var varað við austan hvassviðri á sunnanverðu landinu.

3 Appelsínugul veður 2024-2025

3.1 Suðvestan stormur 5. september 2024

Þann 5. september 2024 gekk í suðvestan rok eða ofsaveður á norðvestanverðu landinu. Líkön höfðu gefið til kynna að vindhraði yrði lægri og voru gefnar út gular viðvaranir í aðdraganda veðursins. Gefin var út appelsínugul viðvörun sem tók gildi samstundis frá kl. 16 til 20 á Vestfjörðum þegar ljóst var að mældur vindhraði var hærri en varað hafði verið við.

3.1.1 Aðdragandi og þróun veðurs

Lægð á Grænlandshafi hélt til norðausturs aðfaranótt 5. september (Mynd 6). Þá var útlit fyrir að það gengi í hvassa suðvestanátt og sums staðar storm, og að hvassast yrði á norðvestanverðu landinu.

Mynd 6: Yfirlitskort sem sýna staðsetningu lægðar kl. 00 þann 5. september og kl. 12 sama dag.

Keyrslur UWC-IG og -DINI spálíkananna að morgni þann 4. september gáfu til kynna að það gengi í suðvestan 15–23 m/s á norðvestanverðu landinu eftir hádegi þann 5., og að hvassara yrði á Hornströndum. Þá var útlit fyrir hviður yfir 35 m/s á þeim slóðum (Mynd 7).

Sólarhring síðar hafði heldur bætt í vind í líkaninu, þá var spáð 18–25 m/s og hviðum yfir 40 m/s, hvassast á Hornströndum. Á Vestfjörðum hafði einnig bætt í vind í nýrri líkanakeyrslu (Mynd 8).

Mynd 7: Vindaspá UWC-IG líkansins (fyrir ofan) og UWC-DINI (fyrir neðan) með upphafstíma kl. 09 þann 4. september og gildistíma kl. 14 þann 5. september.

Mynd 8: Vindaspá UWC-IG líkansins (fyrir ofan) og UWC-DINI (fyrir neðan) með upphafstíma kl. 09 og gildistíma kl. 14 þann 5. september.

3.1.2 Viðvörun

Gul viðvörun hafði verið gefin út fyrir spásvæðin Breiðafjörð, Vestfirði, Strandir og Norðurland vestra, Norðurland eystra og Miðhálendið, sem tóku gildi um morguninn og vörðu flestar fram á kvöld. Í ljósi mælds vinds á Vestfjörðum var ákveðið að færa þá viðvörun samstundis uppá appelsínugult, gilti hún frá kl. 16 til 20 og hafði eftirfarandi spátexta:

„Suðvestan 18–25 m/s með vindhviðum staðbundið að 40–45 m/s. Hættulegt veður og foktjón líklegt. Fólk hvatt til að halda sig innandyra.“

3.1.3 Athuganir

Á Mynd 9 sést að vindhraði var kominn víða í 18–23 m/s á norðvestanverðu landinu eftir hádegi 5. september. Á nokkrum stöðvum á Vestfjörðum var meiri vindur, til dæmis á Súðavík þar sem mesti meðalvindur mældist yfir 30 m/s. Þrátt fyrir að líkönin höfðu bætt í vind með nýrri keyrslu þá reyndist vindur talsvert meiri í raun en spáð var.

Mynd 9: Mesti tíu mínútna meðalvindhraði (m/s) á hverri stöð milli kl. 13 og 14 þann 5. september 2024

Gul viðvörun hafði verið gefin út á Vestfjörðum frá kl. 09 til kl 17. Sjá má þróun vindhraða og -hviða fyrir valdar veðurstöðvar á Vestfjörðum á mynd 10. Þar sést hvernig vindur rýkur upp á Súðavík kl 14 og mælist þá 31.7 m/s og hviður að 45 m/s. Um sama leyti var vindur kominn í stormstyrk á Bolungarvík og á Ísafirði, og hviður í Bolungarvík að 40 m/s.

Mynd 10: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Vestfjörðum. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Frá kl. 09 til kl. 20 var gul viðvörun í gildi á Ströndum og norðurlandi vestra með eftirfarandi texta: *„Suðvestan 15–23 m/s með vindhviðum staðbundið að 30–35 m/s, hvassast á Ströndum og Tröllaskaga. Til að forðast foktjón er fólk er hvatt til að tryggja lausamuni utandyra. Varasamt ökutækjum, sem verða óstöðug í vindi.“* Af mynd 11 sést að strax um morguninn voru hviður í Stafá á Tröllaskaga komnar yfir 40 m/s. Upp úr hádegi var rok eða ofsaveður á Hólmavík, Litlu-Ávík og á Siglufjarðarvegi, og hviður yfir 35 m/s.

Mynd 11: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Ströndum og norðurlandi vestra.

3.1.4 Áhrif

Nokkur áhrif urðu vegna veðursins. Flutningabíll með tengivagn valt nærri Hólmavík og þrjár skútur í Pollinum á Ísafirði losnuðu frá bryggju og ráku á land. Þónokkrir bílar og húsbílar höfnuðu utan vegar á Mývatns- og Möðrudalsöræfum á Norðurlandi eystra, en þar gerði mikinn sandbyl og flettist malbik af veginum vestan við Jökulsá á Fjöllum.

3.1.5 Samantekt

- Varað hafði verið við suðvestan hvassviðri eða storm á Vestfjörðum en mældur vindur sýndi rok eða ofsaveður og gefin var út appelsínugul viðvörun samstundis. Hún hefði mátt vera gefin út fyrr þegar ljóst var að mældur vindur var meiri en spáður.
- Einnig reyndist mældur vindur meiri en gert var ráð fyrir á Ströndum og Norðurlandi vestra og hefði mátt gefa út appelsínugula viðvörun á þeim slóðum.
- Nokkuð eignatjón varð vegna veðursins og fuku bílar út af vegum á norðanverðu landinu.

3.2 Talsverð snjókoma 10. september 2024

Að kvöldi 9. september og aðfaranótt 10. september gekk í allhvassa norðanátt með snjókomu til fjalla. Gular viðvaranir voru gefnar út vegna veðursins á norðan- og austanverðu landinu og ákveðið var að setja appelsínugular viðvaranir vegna snjókomu á Ströndum og Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra.

3.2.1 Aðdragandi og þróun veðurs

Lægð norðaustur af landinu hélt til suðurs þann 9. september og dýpkaði heldur (sjá Mynd 12). Þá var útlit fyrir norðan strekking eða allhvassan vind ásamt úrkomu, sem félli sem snjókoma til fjalla.

Mynd 12: Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu lægðar fyrir austan land kl. 18 þann 9. september og kl. 06 þann 10.

Vindaspár gáfu til kynna norðan 10–15 m/s á norðanverðu landinu og að 18 m/s á Ströndum aðfaranótt 10. september. Auk vindhraðans var útlit fyrir talsverða úrkomuákefð, einkum á Tröllaskaga þar sem yfir 5 mm/klst var spáð (sjá myndir 13Mynd 14).

Mynd 13: Úrkomuspá UWC/IG-IS líkansins ásamt þrýstilínum og hita í 850 hPa (til vinstri) og vindaspá (til hægri) með upphafstíma kl. 12 þann 8. september og gildistíma kl. 00 þann 10.

Mynd 14: Úrkomuspá UWC/IG-IS líkansins ásamt þrýstilínum og hita í 850 hPa (til vinstri) og vindaspá (til hægri) með upphafstíma kl. 12 þann 8. september og gildistíma kl. 09 þann 10.

Spár gerðu einnig ráð fyrir yfir 50 mm af uppsafnaðri sólarhringsúrkomu til fjalla á Tröllaskaga og Gjögraskaga, sjá Mynd 15.

Mynd 15: Uppsöfnuð sólarhringsúrkoma frá kl. 15 þann 9. september til kl. 16 þann 10. september.

3.2.2 Viðvörun

Gefin út appelsínugul snjókomuviðvörun fyrir Strandir og Norðurland vestra um hádegi 8. september með gildistíma frá kl. 18 þann 9. september til kl. 09 þann 10., með eftirfarandi texta:

Norðan 10–18 m/s, hvassast á Ströndum. Talsverð snjókoma á fjallvegum, einkum austantil. Samgöngutruflanir líklegar og ekki mælt með ferðalögum.

Gefin út appelsínugul snjókomuviðvörun fyrir Norðurland eystra um hádegi 8. september með gildistíma frá kl. 18 þann 9. september til kl. 09 þann 10., með eftirfarandi texta:

Norðvestan 10–15 m/s og talsverð snjókoma á fjallvegum, einkum á Tröllaskaga. Samgöngutruflanir líklegar og ekki mælt með ferðalögum.

Einnig var gefin út appelsínugul viðvörun fyrir Austurland að Glettingi, en hún var tekin út áður en hún tók gildi að morgni 9. september og gul sett í staðinn.

3.2.3 Athuganir

Á Siglufirði mældist uppsöfnuð úrkoma um 60 mm á tímabili appelsínugulrar viðvörunar og um 70 mm á Ólafsfirði. Annars staðar mældist heldur minni úrkoma. Yfir sólarhringinn 9.-10. september var uppsöfnuð úrkoma víða á bilinu 20–50 mm á norðanverðu landinu (Mynd 18), en yfir 50 mm á stöku stað, sem er í nokkru samræmi við spár.

Mynd 16: Uppsöfnuð úrkoma fyrir valdar stöðvar á Ströndum og Norðurlandi vestra. Skyggða svæðið sýnir gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Mynd 17: Uppsöfnuð úrkoma fyrir valdar stöðvar Norðurlandi eystra. Skyggða svæðið sýnir gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Mynd 18: Uppsöfnuð úrkoma (í mm) frá kl. 15 þann 9. september til kl. 15 þann 10.

Mældur vindhraði var víða á bilinu 10–18 m/s, sem einnig var í samræmi við spár (Mynd 19).

Mynd 19: Mesti 10 mínútna meðalvindhrað (m/s) á hverri stöð milli kl. 23 og 24 þann 9. september og milli kl. 08 og 09 þann 10.

3.2.4 Áhrif

Óvissustig almannavarna var í gildi fyrir Norðurland og á Ströndum og fóru bændur fyrr af stað í leitir til að koma fé af fjöllum. Varað var við skriðuhættu. Ekki bárust fregnir um mikið tjón vegna veðursins.

3.2.5 Samantekt

- Nokkur snjókoma varð á norðanverðu landinu og magn hennar í samræmi við spár.
- Veðrið olli ekki miklum samfélagslegum áhrifum.

3.3 Suðvestan stormur 7. nóvember 2024

Sunnan hvassviðri eða stormur gekk yfir landið fimmtudaginn 7. nóvember 2024 og tóku þá gular viðvaranir gildi víðast hvar á landinu um morguninn. Eftir hádegi snerist í suðvestanátt og hvessti þá heldur fyrir norðan, þar var suðvestan stormur eða rok og hviður yfir 40 m/s. Appelsínugular viðvaranir gefnar út vegna vinds á Ströndum og Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra, en vegna hríðar á Vestfjörðum.

Spáin gekk vel eftir og var nokkuð um foktjón á norðanverðu landinu.

3.3.1 Aðdragandi og þróun veðurs

Aðfaranótt fimmtudagsins 7. nóvember 2024 nálgaðist kröpp og dýpkandi lægð landið úr suðri, sjá Mynd 20. Að morgni var lægðin komin rétt vestur af landinu og þá gekk víða í sunnan hvassviðri eða storm. Lægðin þokaðist norður og síðdegis var hún stödd rétt utan við Vestfirði. Þá hafði snúist í suðvestanátt og bætt heldur í vind á norðanverðu landinu, víða vindhraði á bilinu 20–28 m/s.

Mynd 20: Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu lægðar kl. 00 7. nóvember (til vinstri) og staðsetningu lægðar kl. 18 (til hægri).

Veðurlíkön spáðu fyrir um sunnan hvassviðrið með nokkrum fyrirvara, en gerðu í fyrstu ráð fyrir að lægðin gengi yfir Vestfirði. Mynd 21 sýnir spá Reiknimiðstöðvar evrópskra veðurstofa, ECMWF líkansins (hér eftir kallað EC) kl. 00 þriðjudaginn 5. nóvember, og sjá má að mesti vindstrengurinn nær ekki inn á land norðvestantil. Í 12 keyrslunni var lægðinni spáð skammt út af Vestfjörðum og var hún einnig reiknuð dýpri, og þá var spáð öflugum vindstreng yfir norðvestanverðu landinu (Mynd 22).

Mynd 21: Staða lægðar í EC spá með upphafstíma kl. 00 þriðjudaginn 5. nóv (til vinstri) og 100 metra vindur (til hægri)

Mynd 22: Staða lægðar í EC spá með upphafstíma kl. 12 þriðjudaginn 5. nóv (til vinstri) og 100 metra vindur (til hægri)

Háupplausnarlíkönin (UWC-DINI og UWC-IG-IS) voru með svipaða þróun, sjá Mynd 23Mynd 24. Fyrstu spár bentu til suðvestan hvassviðris eða storms á stöku stað, og hviður staðbundið yfir 30 m/s, en á þriðjudagskvöld var komið merki um storm eða rok á norðanverðu landinu og hviður yfir 40 m/s. Sjá má að UWC-DINI spáði meiri vind á Vestfjörðum en UWC-IG-IS um þetta leyti.

Mynd 23: Vindaspá UWC-DINI líkans að kvöldi fimmtudags 7. nóv með upphafstíma kl. 06 (fyrir ofan) og kl. 18 (að neðan) þriðjudaginn 5. nóv.

Mynd 24: Vindaspá UWC IG-IS líkans að kvöldi fimmtudags 7. nóv með upphafstíma kl. 06 (fyrir ofan) og kl. 18 (að neðan) þriðjudaginn 5. nóv.

Morguninn 6. nóvember voru viðvaranir gefnar út í samræmi við vindaspá DINI líkansins, mynd 25. Meðalvindhraði á Vestfjörðum, Ströndum og Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra var á bilinu 20–28 m/s og hviður staðbundið yfir 40 m/s. Í líkaninu var einnig gert ráð fyrir kólnandi veðri norðvestantil og éljum, og ákveðið var að gefa út hríðarviðvörun á Vestfjörðum vegna þessa (mynd 26).

Mynd 25: Vindaspá UWC DINI líkans að kvöldi fimmtudags 7. nóv með upphafstíma kl. 06 miðvikudaginn 6. nóv.

Mynd 26: Hitaspá (til vinstri) og úrkomuspá (til hægri) UWC DINI líkans að kvöldi fimmtudags 7. nóv með upphafstíma kl. 06 miðvikudaginn 6. nóv.

3.3.2 Viðvörun

Gefin út appelsínugul hríðarviðvörun fyrir Vestfirði að morgni 6. nóvember með gildistíma frá kl. 14 þann 7. nóvember til kl. 21, með eftirfarandi texta:

Sunnan og suðvestan 20-28 m/s, hvassast norðantil, og hviður staðbundið yfir 35 m/s. Búast má við éljagangi með takmörkuðu skyggni og versnandi aksturskilyrðum. Ekkert ferðaveður. Nauðsynlegt er að ganga frá lausamunum til að fyrirbyggja foktjón og er fólki bent á að sýna varkárni.

Uppfærð daginn eftir, gildistíminn lengdur frá kl. 13 til kl. 22 og texta breytt:

Sunnan og suðvestan 20-30 m/s, hvassast norðantil, og hviður staðbundið yfir 40 m/s. Búast má við éljagangi með takmörkuðu skyggni og versnandi aksturskilyrðum. Ekkert ferðaveður. Nauðsynlegt er að ganga frá lausamunum til að fyrirbyggja foktjón og er fólki bent á að sýna varkárni.

Appelsínugul viðvörun vegna vinds á Ströndum og Norðurlandi vestra gefin út að morgni 6. nóvember út með gildistíma frá kl. 12 til kl. 21 þann 7. nóvember með eftirfarandi texta:

Suðvestan 20-28 m/s og hviður staðbundið yfir 40 m/s. Ekkert ferðaveður. Nauðsynlegt er að ganga frá lausamunum til að fyrirbyggja foktjón og er fólki bent á að sýna varkárni.

Uppfærð daginn eftir, gildistími framlengdur til kl. 00 og texta breytt:

Sunnan og suðvestan 20-30 m/s, hvassast á Ströndum, og hviður staðbundið yfir 40 m/s. Ekkert ferðaveður. Nauðsynlegt er að ganga frá lausamunum til að fyrirbyggja foktjón og er fólki bent á að sýna varkárni.

Appelsínugul viðvörun vegna vinds á Norðurlandi eystra gefin út að morgni 6. nóvember með gildistíma frá. kl 12 til kl. 23 þann 7. nóvember með eftirfarandi texta:

Suðvestan 20-28 m/s og hviður staðbundið yfir 40 m/s, einkum vestantil. Ekkert ferðaveður. Nauðsynlegt er að ganga frá lausamunum til að fyrirbyggja foktjón og er fólki bent á að sýna varkárni.

Viðvörunin var svo lengd um eina klukkustund að morgni 7. nóvember.

3.3.3 Athuganir

Mynd 27 sýnir mesta 10 mínútna meðalvindhraða að kvöldi 7. nóvember, sjá má að rok mælist víða á Vestfjörðum milli kl. 18 og 19, en vindhraði á bilinu 15–23 m/s á Norðurlandi. Seinna um kvöldið hefur dregið heldur úr vindi á Vestfjörðum, en aðeins bætt í vind á Norðurlandi eystra.

Mynd 27: Mesti vindhraði (m/s) á landinu frá kl. 18 til 19 (til vinstri) og kl. 21 til 22 (til hægri) þann 7. nóvember.

Mynd 28 sýnir þróun vindhraða og -hviða á gildistíma appelsínugulrar viðvörunar á Vestfjörðum fyrir valdar veðurstöðvar. Á veðurstöðvum í þéttbýli, á Súðavík og Bolungarvík, fóru hviður yfir 40 m/s og meðalvindhraði í Súðavík fór yfir 30 m/s, sem er meiri veðurhæð en varað var við.

Mynd 28: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Vestfjörðum. Skyggða svæðið sýnir gildistíma viðvörunar.

Á Ströndum og Norðurlandi vestra var meðalvindhraði víða á bilinu 20–28 m/s eins og varað var við og hviður fóru vel yfir 40 m/s (Mynd 29).

Mynd 29: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Ströndum og Norðurlandi vestra. Skyggðu svæðin sýnir gildistíma viðvarana.

Mynd 30 sýnir að ekki varð eins mikil veðurhæð og gert var ráð fyrir á Norðurlandi eystra, þar fór vindur víða í 15–23 m/s og hviður rétt yfir 30 m/s.

Mynd 30: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar Norðurlandi eystra. Skyggðu svæðin sýnir gildistíma viðvarana.

3.3.4 Áhrif

Öllu innanlandsflugi var aflýst og einnig voru ferðir Strætó á landsbyggðinni lagðar niður. Klæðning fauk af veginum í Víðidal í Þistilfirði á um 50 metra löngum kafla.

Nokkuð var um útköll hjá björgunarsveitum vegna foktjóns. Í Grundarfirði, þar sem gul viðvörun var í gildi, skemmdist saltskemma með dúk á ytra byrði. Á Akureyri gekk sjór á land við höfnina og fuku plötur á byggingasvæði. Þakplötur og girðingar fuku í Bolungarvík og á Ísafirði og svalir liðuðust í sundur. Einnig losnaði bátur frá bryggju á Ísafirði og gluggar í sundlauginni á Þingeyri brotnuðu.

3.3.5 Samantekt

- Sunnan og suðvestan rok á Vestfjörðum og Ströndum, viðvörun vel tímasett en vindhraði ívið meiri en gert var ráð fyrir.
- Vindhraði ofmetin í spám á Norðurlandi eystra.
- Mikið um útköll hjá björgunarsveitum vegna foktjóns, einkum á Vestfjörðum og samgöngutruflanir urðu vegna veðursins.

3.4 Norðvestan stormur og stórhríð 16. nóvember 2024

3.4.1 Aðdragandi og þróun veðurs

Lægð nálgaðist landið úr vestri með kólnandi veðri og hvössum éljagangi á vestanverðu landinu þann 15. nóvember. Lægðin hélt svo norðaustur fyrir land með hvassviðri eða stormi á Norður- og Austurlandi og hríðarveðri, auk norðvestan stormi eða roks á Suðausturlandi og Austfjörðum (Mynd 31).

Mynd 31: Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu lægðar kl. 00 þann 15. nóvember og kl. 18 þann 15. nóvember.

Spár gáfu til kynna talsverða snjókomu á norðanverðu landinu, ásamt vindhraða á bilinu 15–23 m/s. Á Suðausturlandi og Austfjörðum var vindhraði í spám á bilinu 20–28 m/s, og hviður yfir 35 m/s (Mynd 32 og Mynd 33).

Mynd 32: Úrkomuspá (til vinstri) og vindaspá (til hægri) UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 06 þann 15. nóvember og gildistíma kl. 18.

Mynd 33: Úrkomuspá (til vinstri) og vindaspá (til hægri) UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 06 þann 15. nóvember og gildistíma kl. 00 þann 16. nóvember.

3.4.2 Viðvörun

Gefin var út appelsínugul viðvörun vegna vinds frá kl. 18 á Suðausturlandi og frá kl. 20 á Austfjörðum þann 15. nóvember til kl. 06 þann 16. nóvember með eftirfarandi texta:

Norðvestan 20–28 m/s og vindhviður yfir 35 m/s. Einnig má búast við snjókomu með lélegu skyggni og versnandi færð. Fólk er hvatt til að tryggja lausamuni. Ekkert ferðaveður.

Gefin var út appelsínugul viðvörun vegna hríðar frá kl. 14 á Norðurlandi eystra þann 15. nóvember til kl. 04 þann 16. og frá kl. 16 á Austurlandi að Glettingi þann 15. nóvember til kl. 06 þann 16. nóvember með eftirfarandi texta:

Norðvestan hvassviðri eða stormur, 18–23 m/s með snjókomu og lélegu skyggni. Miklar líkur á samgöngutruflunum. Ekkert ferðaveður.

3.4.3 Athuganir

Spár gengu vel eftir, vindhraði á norðaustanverðu landinu var víða á bilinu 18–23 m/s og yfir 28 m/s á sunnanverðum Austfjörðum (mynd 34).

Mynd 34: Mesti 10 mínútna meðalvindur (m/s) á hverri stöð frá kl. 18 til kl. 19 (til vinstri) og kl. 23 til kl. 00 (til hægri) þann 15. nóvember 2024.

Þróun vindhraða fyrir einstaka stöðvar á Suðausturlandi sýnir að það tók að hvessa heldur fyrir gildistíma viðvörunar. Vindhviður fóru á nokkrum stöðvum yfir 35 m/s og meðalvindur var á bilinu 18–25 m/s á gildistíma viðvörunar (mynd 35). Á Austfjörðum fóru hviður yfir 40 m/s á þremur stöðvum og yfir 50 m/s í Hamarsfirði, en það gerðist eftir að appelsínugul viðvörun rann út (Mynd 36).

Mynd 35: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Suðausturlandi. Skyggða svæðið sýnir gildistíma viðvörunar.

Mynd 36: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Austfjörðum. Skyggða svæðið sýnir gildistíma viðvörunar.

Á Norðurlandi eystra og Austurlandi að Glettingi fóru vindhviður á fjallastöðvum yfir 35 m/s og meðalvindur yfir 25 m/s (Mynd 37 ogMynd 38).

Mynd 37: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Norðurlandi eystra. Skyggða svæðið sýnir gildistíma viðvörunar.

Mynd 38: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Austurlandi að Glettingi. Skyggða svæðið sýnir gildistíma viðvörunar.

Ásamt miklum vindhraða snjóaði talsvert á Norðausturlandi og sólarhringsúrkoma víða yfir 10 mm (Mynd 39).

Mynd 39: Uppsöfnuð sólarhringsúrkoma frá hádegi 15. nóvember til hádegis þann 16. Bláir litir sýna úrkomu á bilinu 10 til 50 mm.

3.4.4 Áhrif

Færð spilltist víða vegna veðurs og innanlandsflugi var aflýst.

Í aðdraganda veðursins var stórstreymi spáð á norðanverðu landinu, og gerðu atvinnurekendur á Eyrinni á Akureyri ráðstafanir til að hindra flæði sjávar inn í atvinnuhúsnæði. Ekki bárust fregnir um mikið tjón vegna sjávarflóða á þeim slóðum.

3.4.5 Samantekt

- Norðvestan stormur á suðaustanverðu landinu og stórhríð norðaustantil. Spár gengu eftir, en appelsínugul viðvörun hefði mátt taka gildi fyrr á Suðausturlandi og gilda lengur á Austfjörðum.
- Veðrið olli talsverðu raski á samgöngum.

3.5 Sunnan stormur 8. desember 2024

Appelsínugular og gular viðvaranir vegna vinds á Norður- og Vesturlandi, en einnig gular viðvaranir vegna asahláku á sunnan- og vestanverðu landinu.

3.5.1 Aðdragandi og þróun veðurs

Víðáttumikil hæð vestur af Bretlandseyjum og smálægð á Grænlandssundi beindu til landsins stífum suð- og suðvestlægum áttum ásamt hlýindum og vætusömu veðri þann 8. desember 2024 (Mynd 40). Fram að þessu höfðu norðlægar áttir verið ríkjandi á landinu með köldu veðri, og því útlit fyrir að þessu veðri gæti fylgt asahláka og vatnavextir.

Mynd 40: Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu veðrakerfa kl. 12 (til vinstri) og kl. 21 (til hægri) þann 8. desember

Mesta vindstrengnum var spáð yfir Breiðafirði og Vestfjörðum aðfaranótt sunnudags 8. desember sem átti svo að teygja sig yfir Norðvesturland um morguninn. Seinnipartinn og um kvöldið gáfu vindaspár til kynna vindhraða á bilinu 18–28 m/s norðvestanlands auk öflugra vindhviða á Tröllaskaga, sjá Mynd 41.

Mynd 41: Vindaspár UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 06 þann 7. desember og gildistíma kl. 15 (til vinstri) þann 8. desember og 00 (til hægri) þann 9. desember.

Auk vindhraðans var talsverðri úrkomu og ört hlýnandi veðri spáð (Mynd 42), því voru gular asahláku viðvaranir gefnar út á sunnan- og vestanverðu landinu til að vara við leysingum, auknu afrennsli og vatnavöxtum.

Mynd 42: Úrkomuspá UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 06 þann 7. desember og gildistíma kl. 21 þann 8. desember.

3.5.2 Viðvörun

Appelsínugul viðvörun vegna vinds var í gildi á Breiðafirði frá kl. 02 þann 8. desember til kl. 00 þann 9., með eftirfarandi texta:

Sunnan stormur eða rok með vindhraða á bilinu 18–28 m/s. Búast má við mjög snörpum vindhviðum við fjöll, allt að 40 m/s, einkum á norðanverðu Snæfellsnesi. Ekkert ferðaveður. Nauðsynlegt er að tryggja lausamuni til að fyrirbyggja foktjón og er fólki bent á að sýna varkárni og fylgjast með veðurspám.

Appelsínugul viðvörun vegna vinds var í gildi á Vestfjörðum frá kl. 03 þann 8. desember til kl. 04 þann 9., með eftirfarandi texta:

Sunnan stormur eða rok, 18–28 m/s, hvassast norðantil. Búast má við mjög snörpum vindhviðum við fjöll, allt að 40 m/s. Varasamt ferðaveður. Nauðsynlegt er að tryggja lausamuni til að fyrirbyggja foktjón og er fólki bent á að sýna varkárni og fylgjast með veðurspám.

Appelsínugul viðvörun vegna vinds var einnig í gildi á Ströndum og Norðurlandi vestra frá kl. 10 þann 8. desember til kl. 05 þann 9., með eftirfarandi texta:

Sunnan stormur eða rok, 18–28 m/s. Búast má við mjög snörpum vindhviðum við fjöll, allt að 40 m/s. Ekkert ferðaveður. Nauðsynlegt er að tryggja lausamuni til að fyrirbyggja foktjón og er fólki bent á að sýna varkárni og fylgjast með veðurspám.

Að lokum var gefin út appelsínugul viðvörun vegna vinds á Norðurlandi eystra frá kl. 10 þann 8. desember til kl. 07 þann 9. með eftirfarandi texta:

Suðvestanstormur eða rok, 20–28 m/s með hviður um 45 m/s við fjöll, hvassast á Tröllaskaga og við Eyjafjörð. Ekkert ferðaveður og nauðsynlegt að tryggja lausamuni, til að forðast foktjón. Fólki er bent á sýna varkárni og fylgjast með veðurspám.

3.5.3 Athuganir

Veðrið var í samræmi við spár, víða mældist vindhraði á bilinu 18–25 m/s, og fór meðalvindhraði á nokkrum stöðvum í 28 m/s (mynd 43).

Mynd 43: Mesti meðalvindhraði á landinu milli kl. 14 og 15 þann 8. desember og kl. 23 og 00 sama dag.

Mynd 44 og 45 sýnir að viðvörun var tímasett vel á Breiðafirði og Vestfjörðum, um það leyti sem hún tók gildi fór að hvessa og þegar hún rann úr gildi dró úr vindi. Meðalvindhraði var á bilinu 18–28 m/s og á Breiðafirði fóru hviður á fjórum stöðvum yfir 40 m/s, en á Vestfjörðum voru mestu hviður á bilinu 35–40 m/s.

Mynd 44: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Breiðafirði. Skyggða svæðið sýnir gildistíma viðvörunar.

Mynd 45: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Vestfjörðum. Skyggða svæðið sýnir gildistíma viðvörunar.

Viðvörun á Ströndum og Norðurlandi vestra hefði mátt taka gildi fyrr (Mynd 46). Þar var vindhraði einnig í samræmi við spár og hviður víða á bilinu 30–40 m/s, en á Stafá fóru hviður mest í 60 m/s.

Mynd 46: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Ströndum og Norðurlandi vestra. Skyggða svæðið sýnir gildistíma viðvörunar.

Viðvörun á Norðurlandi eystra var einnig tímasett vel (Mynd 47). Vindhraði á Tröllaskaga var í samræmi við spár, þar var meðalvindhraði á bilinu 20–28 m/s og hviður að 35 m/s.

Mynd 47: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviðna (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Norðurlandi eystra. Skyggða svæðið sýnir gildistíma viðvörunar.

3.5.4 Áhrif

Töluvert var um útköll björgunarsveita vegna veðursins. Bjarga þurfti ferðafólki sem lenti í vandræðum á norðanverðu Snæfellsnesi, einnig fólki sem sat fast í bílum í talsverðan tíma við Kerlingarfjöll. Aðstoða þurfti á Grundarfirði til að fyrirbyggja foktjón.

Aurflóð féllu á vegi á Vestfjörðum, úr Eyrarhlíð yfir Hnífdalsveg og einnig í Bjarnardal í Önundarfirði.

3.5.5 Samantekt

- Viðvaranir voru almennt vel tímasettar, en viðvörun hefði mátt taka gildi fyrr á Ströndum og Norðurlandi vestra.
- Vindhraði í samræmi við spár.
- Nokkur áhrif urðu vegna veðurs, björgunarsveitir kallaðar út til að hjálpa ferðalöngum og fyrirbyggja foktjón. Aurflóð féllu á Vestfjörðum.

3.6 Suðvestan stormur með dimmum éljum jólin 2024

Stíf suðvestlæg átt með dimmum éljum var langvarandi jólin 2024. Sökum árstíma var ákveðið að gefa út appelsínugular viðvaranir þar sem veðrið yrði verst, á Suðurlandi, Faxaflóa og Breiðafirði. Gular viðvaranir vegna hríðar voru gefnar út á norðvestanverðu landinu og á Suðausturlandi.

3.6.1 Aðdragandi og þróun veðurs

Á aðfangadag 2024 dýpkaði lægð fyrir vestan land og tók sér stöðu á Grænlandssundi (Mynd 48). Þá gekk í suðvestan hvassviðri eða storm með dimmum éljum á sunnan- og vestanverðu landinu.

Mynd 48: Greiningarkort sem sýnir stöðu lægðar kl. 18 á aðfangadagskvöld 2024 (til vinstri) og að hádegi á jóladag (til hægri).

Spár gerðu ráð fyrir að á aðfangadagskvöldi tæki að hvessa, einkum á sunnan- og vestanverðu landinu. Á þeim slóðum var útlit fyrir vindhraða á bilinu 15–25 m/s og ásamt miklum vindhraða áttu él að ganga yfir landið með nokkru úrkomumagni, því var útlit fyrir að færð myndi spillast víða sunnan- og vestantil á landinu, sjá Mynd 49 og 50.

Mynd 49: Vindaspá (til vinstri) og úrkomuspá (til hægri) UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 06 þann 24. desember og gildistíma kl. 00 þann 25. desember.

Veðrið átti að vera langvarandi og ekki að ganga niður fyrr en aðfaranótt 26. desember.

Mynd 50: Vindaspá (til vinstri) og úrkomuspá (til hægri) UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 06 þann 24. desember og gildistíma kl. 12 þann 25. desember.

3.6.2 Viðvörun

Appelsínugular hríðarviðvaranir tóku gildi á Breiðafirði og Faxaflóa kl. 20 á aðfangadagskvöld, en kl. 21 á Suðurlandi. Allar runnu þær úr gildi kl. 00 þann 26. desember. Viðvaranirnar höfðu eftirfarandi texta:

Suðvestan 15–25 m/s og dimm él með lélegu skyggni og versnandi akstursskilyrðum, hvassast í éljahryðjum. Ekkert ferðaveður.

3.6.3 Athuganir

Mældur vindhraði var í samræmi við spár, víða gekk í hvassviðri eða storm á sunnan- og vestanverðu landinu (mynd 51).

Mynd 51: Mesti meðalvindhraði á hverri stöð á landinu milli kl. 23 og 00 þann 24. desember (til vinstri) og kl. 11 til 12 þann 25. desember (til hægri).

Á Suðurlandi var meðalvindhraði víða á bilinu 15–25 m/s, í samræmi við spár og hviður að 30 m/s og jafnvel yfir það á fjallastöðvum. Einnig mældist einhver úrkoma á gildistíma appelsínugulrar viðvörunar, en oft mælist úrkoma illa í miklum vindhraða. Um það leyti sem viðvörun rann úr gildi dró heldur úr vindi (Mynd 52).

Mynd 52: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Suðurlandi. Til hægri: úrkomumælingar fyrir valdar stöðvar á spásvæðinu. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Í Faxaflóa skilaði úrkoma sér ekki í mæla, en vindhraði var í samræmi við spár og hviður fóru víða yfir 30 m/s. Viðvörun var einnig tímasett vel, mesti vindhraði var innan gildistíma appelsínugulrar viðvörunar (Mynd 53).

Mynd 53: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Faxaflóa. Skyggða svæðið sýnir gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Viðvörun á Breiðafirði hefði mátt gilda lengur, enn var svipað hvasst þar þegar appelsínugul viðvörun féll úr gildi og gul tók við. Meðalvindhraði var á bilinu 15–25 m/s og um 10 mm af úrkomu mældust á Ólafsvík (Mynd 54).

Mynd 54: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Breiðafirði. Til hægri: úrkomumælingar fyrir valdar stöðvar á spásvæðinu. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

3.6.4 Áhrif

Víðtækar samgöngutruflanir urðu vegna veðursins. Flugi var aflýst og fjallvegir og heiðar milli landshluta lokaðar vegna ófærðar, til dæmis Þrengslin, Mosfellsheiði, Hellisheiði, Holtavörðuheiði og Öxnadalsheiði.

Björgunarsveitir voru kallaðar út á sunnan- og vestanverðu landinu til að aðstoða ferðalanga að komast leiðar sinnar á jólanótt. Á Akranesi var björgunarsveitin kölluð út til að tryggja bát sem var að losna frá bryggju og í Vestmanneyjum var einnig útkall til að fyrirbyggja foktjón.

3.6.5 Samantekt

- Viðvaranir vegna suðvestan hríðar voru yfirleitt vel tímasettar og vindmælingar í samræmi við spár.
- Erfitt að mæla úrkomu í miklum vindhraða, en víða varð ófært vegna ofankomu og skafrennings.
- Talsverð áhrif vegna veðurs og árstíma, björgunarsveitir kallaðar út að aðstoða ferðalanga á milli landshluta og fyrirbyggja foktjón.

3.7 Norðaustan hríð 19. janúar 2025

Viðvaranir vegna norðaustan hríðar og vinds voru víða í gildi á norðan- og austanverðu landinu þann 19. janúar. Austast á landinu voru gefnar út appelsínugular viðvaranir vegna hvassviðris og mikillar snjókomu.

3.7.1 Aðdragandi og þróun veðurs

Lægð suður af landinu beindi til landsins hvassri austan- og norðaustanátt ásamt talsverðri snjókomu austast á landinu (Mynd 55).

Mynd 55: Greiningarkort sem sýnir staðsetningu lægðar suður af Íslandi að hádegi þann 19. janúar 2025.

Vindaspár gáfu til kynna vindhraða á bilinu 15–23 m/s á Austurlandi og 13–20 m/s á Austfjörðum (Mynd 56). Ásamt þessum vindhraða var talsverðri snjókomu spáð. Til fjalla á Austfjörðum var gert ráð fyrir yfir 200 mm sólarhringsúrkomu (Mynd 57). Þetta úrkomumagn ásamt vindhraða varð til þess að appelsínugul viðvörun var sett á Austurlandi að Glettingi og Austfjörðum, einkum vegna hættu á snjóflóðum og ófærðar.

Mynd 56: Vindaspá UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 09 þann 18. janúar og gildistíma kl. 18 þann 19. janúar (til vinstri) og kl. 12 þann 20. janúar (til hægri).

Mynd 57: Uppsöfnuð úrkoma í UWC-IG líkani með upphafstíma kl. 12 þann 19. janúar og gildistíma sólarhring síðar.

3.7.2 Viðvörun

Appelsínugul hríðarviðvörun tók gildi kl. 12 þann 19. janúar á Austfjörðum sem rann úr gildi kl. 00 þann 21. janúar og hafði eftirfarandi lýsingu:

Norðaustan 13–20 m/s og talsverð eða mikil snjókoma með takmörkuðu eða lélegu skyggni. Búast má við talsverðum samgöngutruflunum, versnandi aksturssskilyrðum og aukinni hættu á snjóflóðum. Fólk er hvatt til að sýna aðgát og fylgjast með veðurspám.

Einnig tók gildi appelsínugul hríðarviðvörun á Austurlandi að Glettingi kl. 14 þann 19. desember sem rann úr gildi sólarhring seinna með eftirfarandi lýsingu:

Norðaustan 15–23 m/s með talsverðri eða mikilli snjókomu og skafrenningi. Búast má við talsverðum samgöngutruflunum, versnandi aksturssskilyrðum og aukinni hættu á snjóflóðum. Fólk er hvatt til að sýna aðgát og fylgjast með veðurspám.

3.7.3 Athuganir

Mynd 58 sýnir að vindhraði var nokkuð í samræmi við spár, kl. 18 þann 19. janúar var vindhraði á bilinu 13–20 m/s á Austurlandi að Glettingi og víða 10-18 m/s á Austfjörðum, en ívið meiri vindur var á stöðvum við suðausturströndina. Hins vegar hafði lægt verulega kl. 12 og vindhraði var þá á bilinu 8–15 m/s.

Mynd 58: Mesti 10 mínútna meðalvindur á hverri stöð milli kl. 17 og 18 þann 19. janúar (til vinstri) og kl. 11 og 12 þann 20. janúar (til hægri).

Uppsöfnuð snjókoma mældist mest á Seyðisfirði, þar var sólarhringsúrkoma 117 mm, en um og yfir 50 mm mældust á Neskaupstað, Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Ekki mældist eins mikil snjókoma á Austurlandi að Glettingi, en þar eru ekki margar sjálfvirkar stöðvar sem mæla úrkomu (Mynd 59).

Mynd 59: Sólarhringsúrkoma frá hádegi 19. janúar til hádegis 20. janúar.

Vindhraði mældist á bilinu 15–23 m/s á Austurlandi að Glettingi, en mest mældist snjókoman rúmir 40 mm á Bakkagerði (Mynd 60).

Mynd 60: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Austurlandi að Glettingi. Til hægri: úrkomumælingar fyrir valdar stöðvar á spásvæðinu. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Vindhraði á Austfjörðum var nokkuð í samræmi við spár, á bilinu 13–20 m/s og meiri á fjallastöðvum. Hins vegar dró verulega úr vindi að morgni 20. janúar. Mikil snjókoma mældist á Seyðisfirði, tæpir 150 mm yfir gildistíma viðvörunar. Einnig var talsverð snjókoma á Neskaupstað, yfir 90 mm á sama tíma (Mynd 61).

Mynd 61: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Austfjörðum. Til hægri: úrkomumælingar fyrir valdar stöðvar á spásvæðinu. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

3.7.4 Áhrif

Rýma þurfti svæði á Neskaupstað og á Seyðisfirði vegna snjóflóðahættu, en um 180 til 190 manns bjuggu á rýmdum svæðum. Meðalstór flóð féllu fyrir ofan Neskaupstað, en þau ógnuðu ekki byggð. Víða varð ófært vegna fannfergis á austurhelmingi landsins. Fjarðarheiði var lokuð og á Seyðisfirði fæddist barn í fyrsta sinn síðan 1988, en þar er engin fæðingardeild.

Rafmagnsbilanir urðu á sex stöðum á Austurlandi vegna óveðursins, einkum vegna ísingar. Á Stöðvarfirði varð allur bærinn rafmagnslaus og tengja þurfti jarðstreng á svæðinu til að koma rafmagni aftur á.

3.7.5 Samantekt

- Appelsínugular hríðarviðvaranir voru í gildi á Austfjörðum og Austurlandi að Glettingi vegna norðaustan hríðar.
- Vindhraði á Austurlandi að Glettingi var í samræmi við spár, en ekki eins mikil snjókoma mældist. Vindhraði á Austfjörðum var einnig í samræmi við spár fyrri hluta spátímabils, en seinnihluta tímabils hefði mátt breyta í úrkomuviðvörun.
- Talsverð áhrif urðu vegna veðursins á Austfjörðum, ófærð og víða rafmagnsleysi.

3.8 Suðaustan stormur og asahláka 31. janúar 2025

Appelsínugular viðvaranir vegna suðaustan storms eða roks og asahláku voru í gildi mánaðarmót janúar og febrúar 2025.

3.8.1 Aðdragandi og þróun veðurs

Umhleypingasamt var í lok janúarmánuðar. Þann 30. janúar voru gular hríðarviðvaranir í gildi á vestanverðu landinu, en degi síðar beindu lægðir vestan við landið hlýju og röku lofti úr suðri til landsins, sjá Mynd 62. Þá gekk í suðaustan storm eða rok ásamt talsverðri úrkomu, einkum á sunnan- og vestanverðu landinu. Viðvaranir voru í gildi um allt land vegna vinds, en einnig var varað við hættu á tjóni vegna asahláku.

Mynd 62: Greiningarkort sem sýnir stöðu lægða kl. 18 þann 31. janúar og kl. 06 þann 1. febrúar.

Vindaspár gerðu ráð fyrir að síðdegis þann 31. janúar myndi ganga í suðaustan 18–25 m/s vestanlands, og á norðanverðu Snæfellsnesi yrðu 25–30 m/s og hviður yfir 40 m/s. Auk þess var spáð að það myndi aftur á norðvestanverðu landinu snemma þann 1. febrúar þegar önnur lægð nálgaðist landið og sunnan 20–28 m/s spáð á Vestfjörðum (Mynd 63).

Mynd 63: Vindaspár UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 06 þann 31. janúar og gildistíma kl. 16 sama dag (til vinstri) og kl. 08 þann 1. febrúar (til vinstri).

Auk vindsins var ört hlýnandi veðri og talsverðri úrkomu spáð, einkum suðaustantil aðfaranótt 1. febrúar (Mynd 64). Þar var gefin út appelsínugul viðvörun vegna asahláku.

Mynd 64: Úrkomuspár UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 06 þann 31. janúar og gildistíma kl. 18 sama dag og kl. 03 þann 1. febrúar.

3.8.2 Viðvörun

Appelsínugul vindaviðvörun var í gildi á Breiðafirði frá kl. 13 þann 31. janúar til kl. 11 þann 1. febrúar. Viðvörunin hafði eftirfarandi texta:

Suðaustan og sunnan 18–28 m/s og vindhviður yfir 40 m/s á Snæfellsnesi. Líkur á staðbundnu foktjóni. Rigning og hláka, talsverð úrkoma á Snæfellsnesi um tíma. Hættuleg akstursskilyrði vegna vinds og einnig hálku þar sem blaut svell eru á vegum. Fólki er bent á að hreinsa frá niðurföllum og huga að frárennsli til að forðast vatnstjón.

Einnig var varað við vindi á Miðhálendinu með sama gildistíma:

Suðaustan og sunnan 23–33 m/s. Snjókoma, skafrenningur og stórhríð. Síðar rigning eða slydda. Ekkert ferðaveður.

Á Suðausturlandi var varað við asahláku, sú viðvörun tók gildi kl. 17 þann 31. janúar og rann úr gildi kl. 10 þann 1. febrúar. Hún hafði eftirfarandi texta:

Talsverð eða mikil rigning og mikil leysing. Fólk er hvatt til að hreinsa frá niðurföllum og fráveituskurðum til að forðst vatnstjón.

Að lokum var sett fimm klukkutíma appelsínugul vindaviðvörun á Vestfjörðum frá kl. 7 þann 1. febrúar til kl. 12 sama dag:

Sunnan 20–28 m/s og vindhviður yfir 40 m/s. Líkur á staðbundnu foktjóni. Rigning og hláka. Hættuleg akstursskilyrði vegna vinds og einnig hálku þar sem blaut svell eru á vegum.

3.8.3 Athuganir

Meðalvindhraði á norðanverðu Snæfellsnesi fór yfir 30 m/s síðdegis þann 31. janúar, og var því ívið meiri en spár gerðu ráð fyrir. Að morgni 1. febrúar hvessti einnig á Vestfjörðum og fór vindur yfir 25 m/s, sjá Mynd 65.

Mynd 65: Mesti 10 mínútna meðalvindhraði milli kl. 16 og 17 þann 31. janúar (til vinstri) og kl. 07 og 08 þann 1. febrúar (til hægri).

Mynd 66 sýnir þróun vindhraða og vindhviða á Breiðafirði innan gildistíma viðvörunar. Viðvörun er tímasett vel, um það leyti sem viðvörun tekur gildi hvessir og þegar hún rennur úr gildi lægir. Vindhraði fór víða yfir 30 m/s og hviður að 50 m/s, en sumar af þessum stöðvum eru hálendisstöðvar. Á Ólafsvík fór vindhraði mest í 32 m/s og hviður yfir 40 m/s. Einnig rigndi talsvert, um 50 mm á Ólafsvík, Grundarfirði og Gufuskálum.

Mynd 66: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Breiðafirði. Til hægri: úrkomumælingar fyrir valdar stöðvar á spásvæðinu. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Vindhraði á Miðhálendinu var víða á bilinu 23–30 m/s, en í Kerlingarfjöllum fór vindhraði yfir 50 m/s og hviður yfir 60 m/s. Þar rigndi einnig talsvert, tæpa 80 mm í Lónakvísl og 60 mm í Sátu og Laufbala (Mynd 67). Viðvörun var tímasett vel með tilliti til þróun vindhraða.

Mynd 67: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Miðhálendi. Til hægri: úrkomumælingar fyrir valdar stöðvar á spásvæðinu. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Á Kvískerjum mældust 100 mm af rigningu innan gildistíma viðvörunar (17 klukkustundir). Aðrar mælistöðvar sýndu ekki eins mikið úrkomumagn, en fáar úrkomustöðvar eru reknar á þessu spásvæði (Mynd 68).

Mynd 68: Úrkomumælingar fyrir valdar stöðvar á Suðausturlandi. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Á Vestfjörðum hvessti heldur áður en viðvörun tók gildi (Mynd 69). Þar var meðalvindhraði yfirleitt á bilinu 20–25 m/s, en á fjallastöðvum fór hann yfir 30 m/s. Hviður á Bíldudal fóru yfir 40 m/s. Einnig rigndi mest á Bíldudal, yfir 35 mm sólarhringsúrkoma þar.

Mynd 69: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Vestfjörðum. Til hægri: úrkomumælingar fyrir valdar stöðvar á spásvæðinu. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

3.8.4 Áhrif

Mikil röskun varð á samgöngum vegna veðursins, fjölda vega var lokað og flugferðum aflýst.

Óvissustig vegna ofanflóðahættu var sett á sunnanverða Vestfirði og sunnanverða Austfirði, en einnig var varað við krapaflóðum, skriðuhættum og grjóthruni á öllu sunnan- og vestanverðu landinu vegna rigningar og leysinga. Tvö snjóflóð féllu á veginn milli Ólafsvíkur

og Rifs á norðanverðu Snæfellsnesi. Á Patreksfirði var sett á hættustig vegna hættu á krapaflóði og sex hús voru rýmd, en þar féll eitt lítið krapaflóð. Krapaflóð féllu einnig á vegi á sunnanverðum Austfjörðum.

Björgunarsveitir voru kallaðar út til að sinna ýmsum verkefnum tengdum veðrinu vestanlands, flest tengd foktjóni. Mikið álag var á fráveitukerfum vegna vatnsveðursins og sinnti slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fjölda útkalla vegna vatnsleka.

3.8.5 Samantekt

- Appelsínugular viðvaranir í gildi vegna suðaustan storms eða roks og asahláku. Viðvaranir yfirleitt tímasettar vel, en viðvörun á Vestfjörðum hefði mátt taka gildi fyrr.
- Athuganir í samræmi við spár.
- Talsverð áhrif vegna veðurs á samgöngur og féllu snjóflóð og krapaflóð á vegi víða um land. Björgunarsveitir kallaðar út til að fyrirbyggja foktjón vestantil á landinu og mikið álag á fráveitukerfum vegna vatnsveðurs.

3.9 Vestan stórhríð 3. febrúar 2025

3.9.1 Aðdragandi og þróun veðurs

Víðáttumikil lægð við suðvesturströndina fór norður á bóginn og dýpkaði heldur snemma dags þann 3. febrúar. Þá gekk í sunnan storm austantil á landinu og síðdegis þegar lægðin var komin norður fyrir í land snerist í stífa suðvestan- og vestanátt með éljum eða snjókomu (Mynd 70). Gefnar voru út appelsínugular viðvaranir vegna vinds og hríðar á norðan- og austanverðu landinu.

Mynd 70: Greiningarkort sem sýnir stöðu lægðar rétt norður af Íslandi kl. 12 þann 3. febrúar 2025.

Spár gerðu ráð fyrir vindhraða á bilinu 20–28 m/s austast á landinu kl. 14 auk vindhviða yfir 40 m/s (Mynd 71). Seint sama dag dró úr vindi á því svæði, en þá hvessti á norðanverðu landinu. Á Tröllaskaga gerðu spár ráð fyrir vindi yfir 30 m/s, en annars staðar var spáður

vindhraði yfirleitt á bilinu 20–28 m/s (Mynd 72). Auk mikils vindhraða var útlit fyrir kólnandi veður og snjókomu eða él á Norðvesturlandi.

Mynd 71: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 12 þann 2. febrúar og gildistíma kl. 14 þann 3. febrúar.

Mynd 72: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 12 þann 2. febrúar og gildistíma kl. 19 þann 3. febrúar.

3.9.2 Viðvörun

Appelsínugular viðvaranir voru gefnar út á sjö spásvæðum vegna veðursins, sjá Tafla 1. Appelsínugul viðvörun á Breiðafirði var færð niður á gulan þegar ljóst var að vindhraði yrði minni en upphaflega var gert ráð fyrir.

Tafla 1: Viðvaranir gefnar út í tengslum við vestan stórhríð 3. febrúar 2025, settar fram í tímaröð þegar þær tóku gildi.

Spásvæði	Tegund	Gildistími frá	Gildistími til	Texti
Austfirðir	Vindur	09:00 03.02	17:00 03.02	Sunnan 20–28 m/s og vindhviður um eða yfir 40 m/s. Líkur á staðbundnu foktjóni. Rigning og hláka.

				Hættuleg aksturssskilyrði vegna vinds og einnig hálku þar sem blaut svell eru á vegum.
Austurland að Glettingi	Vindur	12:00 03.02	23:00 03.02	Sunnan og síðar suðvestan 20–28 m/s (stormur eða rok) með mjög snörpum vindhviðum. Ekkert ferðaveður. Líkur á staðbundnu foktjóni.
Breiðafjörður	Hríð	16:00 03.02	20:00 03.02	Norðvestan og vestan 18–25 m/s og snjókoma með mjög lélegu skyggni. Ekkert ferðaveður.
Vestfirðir	Hríð	16:00 03.02	21:00 03.02	Norðvestan og vestan 20–28 m/s og snjókoma með mjög lélegu skyggni. Ekkert ferðaveður. Líkur á staðbundnu foktjóni.
Miðhálendi	Hríð	16:00 03.02	01:00 04.02	Vestan og suðvestan 23–33 m/s og snjókoma með mjög lélegu skyggni. Ekkert ferðaveður.
Strandir og norðurland vestra	Hríð	17:00 03.02	23:00 03.02	Suðvestan og vestan 20–28 m/s og éljagangur með lélegu skyggni. Ekkert ferðaveður. Líkur á staðbundnu foktjóni.
Norðurland eystra	Vindur	17:00 03.02	00:00 04.02	Suðvestan og vestan 20–30 m/s (stormur, rok eða ofsaveður) með mjög snörpum vindhviðum, hvassast vestantil á svæðinu þar sem einnig má búast við éljum með lélegu skyggni. Ekkert ferðaveður. Líkur á staðbundnu foktjóni.

3.9.3 Athuganir

Vindhraði milli kl. 13 og 14 þann 3. febrúar var víða 18–25 m/s austast á landinu, en aðeins meiri á fjallastöðvum. Mældur vindhraði var því heldur lægri en vindaspá gerði ráð fyrir. Um kvöldið var vindur á norðanverðu landinu víða 18–25 m/s og að 28 m/s á nokkrum stöðvum (Mynd 73).

Mynd 73: Mesti 10 mínútna meðalvindur á hverri stöð milli kl. 13 og 14 (til vinstri) og kl. 18 og 19 þann 3. febrúar (til hægri).

Á Austfjörðum hvessti um það leyti sem viðvörun tók í gildi, og fóru vindhviður á fjallvegum yfir 40 m/s (Mynd 74). Hins vegar var ennþá hvasst þegar viðvörun féll úr gildi og gul viðvörun tók við. Ekki varð eins mikill vindhraði á þéttbýlisstöðvum eins og spár gerðu ráð fyrir, þar varð vindhraði að hámarki 20 m/s.

Mynd 74: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Austfjörðum.

Á Austurlandi að Glettingi mældist meðalvindur víða á bilinu 20–25 m/s, en mesta hviðan mældist á Vatnsskarði eystra, 45 m/s, áður en appelsínugul viðvörun tók gildi. Þar dró úr vindi um það leyti sem appelsínugul viðvörun féll úr gildi (Mynd 75) .

Mynd 75: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Austurlandi að Glettingi.

Á Miðhálendinu var vindhraði í samræmi við spár og einnig mældist úrkoma á mælistöðvum eins og spáð var (Mynd 76).

Mynd 76: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Miðhálendinu. Til hægri: úrkomumælingar. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Á Norðurlandi eystra var viðvörun vel tímasett. Ekki varð eins vindasamt og spár gerðu ráð fyrir á Tröllaskaga, en meðalvindur fór í 30 m/s á Rauðanúpi og hviður yfir 35 m/s á nokkrum stöðvum (Mynd 77).

Mynd 77: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Norðurlandi eystra.

Viðvörun á Ströndum og Norðurlandi vestra hefði mátt taka gildi fyrr. Meðalvindhraði þar var víða á bilinu 20–28 m/s og fóru hviður yfir 40 m/s á þremur stöðvum. Einnig mældist nokkur úrkoma, einkum á Sauðanesvita (Mynd 78).

Mynd 78: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Ströndum og Norðurlandi vestra. Til hægri: úrkomumælingar. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Á Vestfjörðum hvessti á sama tíma og viðvörun tók gildi. Þar var meðalvindhraði á bilinu 20–28 m/s og hviður yfir 40 m/s á tveimur stöðvum, en ásamt miklum vindhraða mældist snjókoma (Mynd 79).

Mynd 79: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Vestfjörðum. Til hægri: úrkomumælingar fyrir valdar stöðvar á spásvæðinu. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

3.9.4 Áhrif

Samgöngur röskuðust vegna veðurs og voru vegir víða lokaðir, t.d. Holtavörðuheiði, Kleifaheiði, Öxnadalsheiði og Hellisheiði.

Útihús fuku á Stöðvafirði og var björgunarsveit kölluð til að tryggja þakplötur.

3.9.5 Samantekt

- Appelsínugular viðvaranir vegna sunnan storms og suðvestan stórhríðar voru í gildi á norðan- og austanverðu landinu og samgöngur röskuðust víða vegna veðurs.
- Viðvaranir almennt tímasettar vel, en sumar hefðu mátt taka gildi fyrr.
- Minni vindur mældist en spáð var á Austfjörðum, en þó voru útköll vegna foktjóns í Stöðvafirði. Þar er ekki vindmælir.

3.10 Vestan stormur og él 3. mars 2025

3.10.1 Aðdragandi og þróun veðurs

Lægð milli Íslands og Grænlands dýpkaði heldur og nálgaðist landið þann 2. mars 2025 (Mynd 80: Greiningarkort sem sýnir stöðu lægðar að kvöldi 2. mars 2025.. Þá gekk í suðvestan storm með dimmum éljum á vestanverðu landinu og tóku appelsínugular viðvaranir gildi að kvöldi 2. mars

Mynd 80: Greiningarkort sem sýnir stöðu lægðar að kvöldi 2. mars 2025.

Spár gerðu ráð fyrir að við vesturströnd landsins yrði vindur á bilinu 18–25 m/s að kvöldi 2. mars og að þessi vindhraði myndi vara fram undir morgun. Ásamt miklum vindhraða gerðu spár ráð fyrir éljagangi með dimmum éljum auk þess sem sjávarstaða var há, svo líkur voru á miklum áhlaðanda (Mynd 81). Vegna þessa var ákveðið að gefa út appelsínugular viðvaranir við vesturströnd landsins.

Mynd 81: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 06 þann 2. mars og gildistíma kl. 23 sama dag.

Útlit var fyrir að þegar lægðin væri komin út af norðurströnd landsins myndi einnig hvessa talsvert á norðvestanverðu landinu og bæta í ofankomu á þeim slóðum (Mynd 82). Gefin var út appelsínugul viðvörun fyrir Strandir og norðurland vestra sem tók gildi aðeins seinna og gilti lengur.

Mynd 82: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 06 þann 2. mars og gildistíma kl. 03 þann 3. mars.

3.10.2 Viðvörun

Gefnar voru út appelsínugular hríðarviðvaranir sem tóku gildi kl. 21 á Breiðafirði og kl. 22 á Faxaflóa og Suðurland þann 2. mars og runnu úr gildi kl. 04 þann 3. mars með eftirfarandi texta:

Vestan 18–25 m/s og mjög snarpar vindhviður. Einnig má búast við éljum með lélegu skyggni og versnandi færð. Ekkert ferðaveður. Einnig er útlit fyrir talsverðan áhlaðanda með tilheyrandi líkum á sjávarflóðum.

Einnig var gefin út appelsínugul hríðarviðvörun á Ströndum og Norðurlandi vestra með upphafstíma kl. 23 og lokatíma kl. 06 þann 3. mars. Hún hafði eftirfarandi lýsingu:

Suðvestan og vestan 18–25 m/s og mjög snarpar vindhviður. Einnig má búast við éljum með lélegu skyggni og versnandi færð. Ekkert ferðaveður.

3.10.3 Athuganir

Að kvöldi 2. mars var vindhraði víða komin í 18–25 m/s á suðvesturhorninu og um nóttina hvessti verulega á norðvestanverðu landinu, sjá Mynd 83.

Mynd 83: Mesti 10 mínútna meðalvindur (m/s) á hverri stöð milli kl. 23 og 00 þann 2. mars og milli kl. 02 og 03 þann 3. mars.

Ef skoðaðar eru tímaraðir athugana fyrir Faxaflóa og Suðurland má sjá að tímasetning viðvarana var nokkuð góð. Það hvessti um það leyti sem viðvörun tók gildi og dró aðeins úr vindi þegar viðvörun rann úr gildi, en þá tók gul viðvörun við. Vindhraði var í samræmi við spár, á bilinu 18–25 m/s og einhver úrkoma mældist, en erfitt er að mæla snjókomu í miklum vindhraða. Vindhviður fóru yfir 30 m/s (Mynd 84 og 85).

Mynd 84: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Faxaflóa. Til hægri: úrkomumælingar. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Mynd 85: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Suðurlandi. Til hægri: úrkomumælingar. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Á Breiðafirði hvessti þegar þrír tímar voru liðnir af viðvörun og þá bætti einnig í úrkomu. Þar var vindur einnig í samræmi við spár, 18–25 m/s og hviður mest á bilinu 30–35 m/s, sjá myndMynd 86.

Mynd 86: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Breiðafirði. Til hægri: úrkomumælingar. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Einnig bætti í vind á Ströndum og Norðurlandi vestra nokkrum klukkustundum eftir að viðvörun tók gildi, en þar var vindhraði einnig í samræmi við spár, á bilinu 18–25 m/s og ívið meira á fjallvegum. Ekki mældist mikil úrkoma, líkt og á hinum spásvæðunum (Mynd 87).

Mynd 87: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Ströndum og Norðurlandi vestra. Til hægri: úrkomumælingar. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

3.10.4 Áhrif

Björgunarsveitir sinntu ýmsum útköllum vegna óveðursins. Í Sandgerði þurfti að tryggja báta sem losnuðu við höfnina og festa þak sem var að fjúka af húsi. Á Ólafsfirði brotnaði stór stofurúða á heimili, geymsluskúr sprakk og tryggja þurfti fjúkandi þak.

Sjór gekk víða inná land á vestanverðu landinu, og var slökkvilið kallað út vegna flóða í Reykjanes- og Suðurnesjabæ. Í Reykjavík skolaði grjóti á land við Granda í Reykjavík og sinnti slökkvilið höfuðborgarsvæðisins nokkrum útköllum vegna vatnsleka á vesturhluta svæðisins. Hundruðir farþega sátu fastir vegna veðurs í nokkra klukkutíma í flugvélum á Keflavíkurflugvelli eftir lendingu.

Stór alda hreif tvo menn og tvo bíla með sér á bryggju í Akranesi að morgni 3. mars. Slökkviliðið var kallað út til að bjarga mönnunum úr sjónum og voru þeir fluttir á heilbrigðisstofnanir til aðhlynningar.

3.10.5 Samantekt

- Appelsínugular viðvaranir vegna vestan hríðar á vestanverðu landinu og varað við miklum áhlaðanda.
- Spár gengu vel eftir, víða þurftu viðbragðsaðilar að sinna útköllum vegna foktjóns og sjógangs.
- Viðvaranir yfirleitt tímasettar vel.

3.11 Norðan hríð 3. júní 2025

3.11.1 Aðdragandi og þróun veðurs

Ört dýpkandi lægð sunnan við landið hélt til austurs, og þegar hún nálgaðist Færeyjar var hún komin niður í 968 mb, sem er óvenju lágur loftþrýstingur miðað við árstíma (Mynd 88). Þessi lægð olli norðan óveðri á landinu, verst var veðrið á Norðausturlandi, þar var töluverð snjókoma og hvassviðri. Gefnar voru út appelsínugular hríðarviðvaranir á austanverðu landinu og appelsínugul viðvörun vegna vinds var gefin út á Suðausturlandi. Veðrið minnti á hríðina í júníbyrjun 2024, en varði þó ekki jafnlengi.

Mynd 88: Greiningarkort sem sýnir stöðu lægðar kl. 06 þann 3. júní 2025.

Spár gáfu til kynna vindhraða á bilinu 13–20 m/s á norðaustanverðu landinu ásamt talsverðri úrkomu og kólnandi veðri, sjá Mynd 89. Gert var ráð fyrir að úrkoman félli sem slydda eða snjókoma til fjalla, en rigning á láglendi. Varað var sérstaklega við akstursskilyrðum á milli landshluta, þar sem flestir eru komnir á sumardekk á þessum árstíma.

Mynd 89: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 12 þann 2. júní og gildistíma kl. 03 þann 3. júní

Undir morgun 3. júní gerðu spár ráð fyrir að það myndi hvessa töluvert á Suðausturlandi. Gert var ráð fyrir fyrir norðan 18–25 m/s og hviðum yfir 40 m/s, einkum austantil á svæðinu (Mynd 90).

Mynd 90: Vinda- og úrkomuspá UWC-IG líkans með upphafstíma kl. 12 þann 2. júní og gildistíma kl. 06 þann 3. júní

3.11.2 Viðvörun

Gefnar voru út appelsínugular hríðarviðvaranir á norðaustanverðu landinu. Á Norðurlandi eystra hafði viðvörunin upphafstíma kl. 03 og rann hún úr gildi kl. 13 þann 3. júní. Viðvörunin hafði eftirfarandi lýsingu:

Norðan 15–20 m/s og snjókoma og skafrenningur. Búast má við versnandi akstursskilyrðum með samgöngutruflunum. Varasamar aðstæður fyrir ökutæki vanbúin til vetraraksturs og ekki ráðlegt að leggja í ferðalög til fjalla.

Á Austurlandi að Glettingi tók viðvörun einnig gildi kl. 03 og rann hún úr gildi kl. 11:

Norðan 13–20 m/s og snjókoma eða slydda með lélegu skyggni og versnandi akstursskilyrðum. Varasamar aðstæður fyrir ökutæki vanbúin til vetraraksturs og ekki ráðlegt að leggja í ferðalög til fjalla.

Á Austfjörðum tók viðvörun gildi kl. 01 og rann hún úr gildi kl. 08 þann 3. júní:

Norðan 13–20 m/s með hviðum yfir 30 m/s. Slydda eða snjókoma með lélegu skyggni og versnandi akstursskilyrðum, einkum til fjalla. Varasamar aðstæður fyrir ökutæki vanbúin til vetraraksturs og ekki ráðlegt að leggja í ferðalög til fjalla.

Á Suðausturlandi var varað við vindi, appelsínugul viðvörun var þar í gildi frá kl. 02 til kl. 15 þann 3. júní. Viðvörunin hafði eftirfarandi texta:

Norðan 18–25 m/s og hviður staðbundið yfir 40 m/s við fjöll. Hættulegar aðstæður fyrir ökutæki, sérílagi þau sem eru viðkvæm fyrir vindi. Fok á lausamunum líklegt. Fólki er ráðlagt að tryggja nærumhverfi sitt.

3.11.3 Athuganir

Vindur var yfirleitt mældur á bilinu 13–18 m/s á Norðurlandi eystra, en fór yfir 20 m/s á Rauðanúpi (Mynd 91). Hviður voru um og yfir 20 m/s, en heldur meiri á útnesjum. Aðfaranótt 3. júní féll einnig töluverð úrkoma, og var hún að falla sem slydda eða snjókoma á láglendi.

Mynd 91: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Norðurlandi eystra. Til hægri: úrkomumælingar. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Það tók að hvessa á Austurlandi að Glettingi áður en viðvörun tók gildi og úrkomuákefð jókst. Þar varð vindur á bilinu 13–18 m/s víðast hvar, en yfir 20 m/s í Bjarnarey (Mynd 92). Töluverð úrkoma mældist, sem undir morgun féll sem slydda eða snjókoma á láglendi en þegar leið á daginn og hlýnaði féll úrkoman sem rigning.

Mynd 92: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Austurlandi að Glettingi. Til hægri: úrkomumælingar. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Á Austfjörðum tók að hvessa um það læti sem viðvörun tók gildi. Mældur vindhraði var í samræmi við spár, á bilinu 15–20 m/s og auk þess mældist töluverð úrkoma, sem var að

falla sem snjókoma til fjalla en slydda eða rigning nærri sjávarmáli. Mynd 93 sýnir að enn var vindasamt þegar viðvörun féll úr gildi.

Mynd 93: Til vinstri: þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Austfjörðum. Til hægri: úrkomumælingar. Skyggðu svæðin sýna gildistíma appelsínugulrar viðvörunar.

Á Suðausturlandi var viðvörun vel tímasett. Vindur var víða á bilinu 18–23 m/s og hviður á bilinu 35–40 m/s, en við Lómagnúp fór mesta hviða í 45 m/s (Mynd 94).

Mynd 94: Þróun vindhraða (FX, heilar línur) og vindhviða (FG, brotalínur) fyrir valdar stöðvar á Suðausturlandi.

3.11.4 Áhrif

Aðfaranótt 3. júní snjóaði töluvert á norðaustanverðu landinu og færð spilltist víða. Björgunarsveitir voru kallaðar út til að koma kindum í hús á bæ skammt frá Dalvík. Aðgerðin tók töluverðan tíma og í lok dags voru enn ekki allar kindur komnar í hús.

Í Vík var björgunarsveitin kölluð út til að tryggja fjúkandi hjólhýsi.

Í kjölfar norðan hríðarinnar hlýnaði töluvert með rigningu á norðaustanverðu landinu, og varað var við skriðuhættum á þeim slóðum. Nokkrar litlar spýjur féllu, bæði á norðanverðu landinu og Austfjörðum, en þær ógnuðu ekki byggð.

3.11.5 Samantekt

- Appelsínugular viðvaranir gefnar út vegna norðan hríðar á norðaustanverðu landinu og vegna storms á Suðausturlandi.
- Vindhraði varð ívið minni en í spám á Norðurlandi eystra og Austurlandi að Glettingi. Viðvaranir yfirleitt tímasettar vel, en hefðu sums staðar mátt taka gildi fyrr og annars staðar gilda lengur.
- Samgöngur röskuðust vegna veðurs og björgunarsveitir voru kallaðar út til að fyrirbyggja foktjón og að koma fé í hús.

4 Samantekt

Samtals voru 56 appelsínugular viðvaranir gefnar út veturinn 2024 til 2025 í tengslum við ellefu aðskilin veður. Fjórar viðvaranir voru gefnar út sumarið 2025 í tengslum við norðan hríð í júní. Í þessari skýrslu er búið að rýna hvern atburð, aðdragandi veðursins skoðaður og spár bornar saman við mælingar.

Almennt voru athuganir í samræmi við spár og viðvaranir tímasettar vel, en stundum hefði mátt hnika tímasetningum til. Samkvæmt viðmiðum Veðurstofunnar eiga appelsínugular viðvaranir við þegar veður er líklegt til að valda talsverðum samfélagsáhrifum. Þá getur veðrið valdið tjóni eða slysum og haft áhrif á innviði og samgöngur. Samgöngur röskuðust í nær öllum veðrum sem rýnd voru í þessari skýrslu og viðbragðsaðilar kallaðir út til að fyrirbyggja tjón.